

Rangárþing eystra
Anton Kári Halldórsson,
byggingarfulltrúi
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. júlí 2013
Tilvisun: UST20130600036/bs

Deiliskipulag og umhverfisskýrsla fyrir Fimmvörðuskála. Umsögn


Vísað er til bréfs Rangárþings eystra dags. 31. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag og umhverfisskýrslu.


Markmið deiliskipulagsins er að koma skipulagi yfir núverandi mannvirki og þjónustustarfsemi og stuðla að bættri þjónustu og öryggi ferðamanna á hálendinum. Nýr skálið verður staðsettur lægra í landi en núverandi skáli. Jafnframt verður komið upp aðstöðu fyrir skálavörð og salernisaðstaða bætt.

Hér er um að ræða endurbætur á byggingum sem þegar eru til staðar. Lögð verður áhersla á að allar framkvæmdir verði afturkræfar og mun húsunum valinn staður með það í huga að unnt verði að fjarlægja mannvirki og afmá ummerki um þau ef hugur manna stendur til þess. Ekki er lögð fram tillaga um vegasamband milli Fimmvörðuskála og Baldvinsskála að svo stöddu máli.

Af ofangreindum ástæðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrætt deiliskipulag muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur